

Yfirlýsing samninganefndar Eflingar vegna tilboðs Reykjavíkurborgar

Í kjölfar síðasta samningafundar Eflingar og Reykjavíkurborgar hjá ríkissáttsemjara hefur Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fjallað um framlagt tilboð borgarinnar í fjölmiðlum ásamt því að birtar hafa verið upplýsingar um tilboðið á heimasíðu borgarinnar. Í þessari umfjöllun er að finna framsetningu sem gefur til kynna að tilboðið sé nær kröfum Eflingar en í þeirri kynningu sem samninganefnd Eflingar fékk á umræddum samningafundi þann 19. febrúar síðastliðinn.

Yfirlýsingu borgarinnar undir yfirskriftinni „Tilboð Reykjavíkurborgar fyrir starfsfólk hjá Eflingu“ á heimasíðu borgarinnar, dagsett 20. febrúar, er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að tilboð um hækkun grunnlauna um 20 þúsund krónur umfram 90 þúsund króna heildarhækkun grunnmánaðarlauna að fordæmi Lífskjarasamningsins nái til allra ófaglærðra félagsmanna Eflingar á leikskólum borgarinnar annarra en deildarstjóra.

Samninganefndin lítur svo á að með þessari yfirlýsingu hafi Reykjavíkurborg nálgast kröfur félagsmanna Eflingar meir en gefið var til kynna á áður nefndum samningafundi, þar sem tilboðið var kynnt á þeim forsendum að það næði aðeins til tveggja starfsheita almennra ófaglærðra leikskólastarfsmanna. Engir fyrirvarar eru um slíkt í yfirlýsingunni.

Jafnframt horfir samninganefndin til þess að í tilkynningum borgarinnar og í ummælum borgarstjóra eru grunnlaunahækkunar umfram Lífskjarasamninginn boðnar án fyrirvara um hvaða leiðir verði farnar til að ná þeim fram. Á fundi hjá ríkissáttasemjara skilyrti samninganefnd borgarinnar ákveðinn hluta grunnlaunahækkana því að fram færi handstýrð endurskoðun á starfsmati tiltekinna starfsheita. Samninganefnd Eflingar lýsti þá og þegar efasemdum um að sú leið væri stjórnskipulega fær. Starfsmat fer eftir fyrirfram skilgreindum mælikvörðum sem Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjöldi stéttarfélaga hafa undirgengist. Í því er ekki fjallað um launasetningu og aldrei hefur tíðkast að semja um handstýrt endurmat á starfsmati einstakra starfa í kjarasamningum sem Efling hefur átt aðild að.

Athugasemdum samninganefndar Eflingar um handstýrt starfsmat einstakra starfa var ekki svarað efnislega af fulltrúum Reykjavíkurborgar á samningafundinum. Engu að síður hefur borgin nú opinberlega lýst sig reiðbúna til að framkvæma áður nefnda viðbótarhækkun grunnlauna að upphæð 20 þúsund krónur. Hefur sú tala verið kynnt fyrir almenningi og ratað í fjölmiðla án þess að borgin hafi skilyrt hækkunina handstýrðri endurskoðun starfsmats tiltekinna starfa.

Í ljósi þessa lítur samninganefnd Eflingar svo á að borgin hafi með opinberum yfirlýsingum sínum nálgast kröfur Eflingarfélaga með óskilyrtari hætti en gefið var til kynna á samningafundi.

Samninganefnd Eflingar bendir einnig á að jafnvel þótt tilboð borgarinnar, eins og því er lýst í tilkynningu á vef hennar, hafi aðeins átt að ná til starfsfólks leikskóla, þá hefur tilboðinu verið lýst í fjölmiðlum eins og það sé sambærilegt við tilboð Eflingar, sem náði til allra borgarstarfsmanna. Dæmi um þetta er umfjöllun í sjónvarpsfréttum RÚV 20. febrúar. Borgin hefur ekki sérstaklega leitast við að leiðrétta þetta. Enda þótt leikskólastarfsfólk sé fjölmennasti hópurinn meðal félagsmanna Eflingar hjá borginni þá hefur samninganefndin ávallt lagt áherslu á að kröfur um launaleiðréttingu nái til allra sögulega vanmetinna kvennastarfa þar sem álag er mikið og heildarlaun óbærilega lág. Ljóst er að þessi skilyrði eiga einnig við um félagsmenn Eflingar sem starfa við umönnun aldraðra og fatlaðs fólks

innan Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og í eldhúsum og mótuneytum þvert á fagsvið borgarinnar. Samninganefnd Eflingar gerir því þá eðlilegu kröfu að umræddar grunnlaunahækkanir nái einnig til launa þessara hópa.

Með hliðsjón af ofangreindu lýsir Samninganefnd Eflingar sig reiðubúna til að ganga nú þegar til viðræðna við samninganefnd Reykjavíkurborgar á þeim breyttu forsendum sem Efling telur að opinberar yfirlýsingar borgarinnar fyrir helgi hafi skapað, sem séu aðrar og lausnamiðaðri en það sem kynnt var á samningafundi. Þar verði gengið út frá þeim skilningi að borgin hafi í reynd boðið skilyrðislausu hækkun grunnmánaðarlauna í grunnþrepi um 110 þúsund krónur fyrir alla almenna ófaglærða starfsmenn leikskóla. Jafnframt kallar samninganefnd Eflingar eftir því að samninganefndirnar sameinist um þann skilning, sem þegar virðist hafa skapast í umræðunni, að tilboð borgarinnar um umræddar hækkanir eigi ekki aðeins við um leikskólastarfsmenn heldur alla félagsmenn Eflingar hjá borginni í sögulega vanmetnum kvennastörfum þar sem álag er mikið og heildarlaun lág, óháð sviðum.

Sé sátt um þessar forsendur telur samninganefndin að mikilvægt skref hafi verið stigið í samkomulagsátt, jafnvel þótt enn sé nokkuð í land. Helsta óleysta viðfangsefni viðræðnanna yrði þá að ná saman um endalegar leiðréttingarupphæðir, útfæra hvernig eldri sérgreiðslur verði endurskilgreindar og umreiknaðar í tilfelli ólíkra starfa, sem og fleiri atriði ótalin hér.

Í þessari yfirlýsingu felst ekki skuldbinding af hálfu samninganefndar Eflingar um lokaniðurstöðu viðræðna.

Yfirlýsing þessi er send til borgarstjóra, formanns samninganefndar Reykjavíkurborgar og ríkissáttasemjara.

Reykjavík, 24. febrúar 2020

Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags gagnvart Reykjavíkurborg